

ÁRSSKÝRSLA 2012







## Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	4
Stjórn Norðurorku	4
Skipurit	5
Frá forstjóra	6
Yfirlit yfir starfsemina	7
Lykilstærðir - Hitaveita	14
Lykilstærðir - Rafveita	16
Lykilstærðir - Vatnsveita	20
Frímenn B. Arngrímsson	21
Orkunotkun á heimilum	21
Ársreikningur 2012	23

Ábyrgðarmaður: Baldur Dýrfjörð  
 Útlitshönnun: Geimstofan  
 Myndir í ársskýrslu tileinkaðar 90 ára afmæli  
 Glerárvirkjunar  
 Forsíðumynd: Minjasafnið á Akureyri  
 Ljósmyndir:  
 Minjasafnið á Akureyri  
 Auðunn Nielsson bls. 2  
 Finnbogi Marinósson bls. 11  
 Vignir Hjaltason bls. 16  
 Baldur Dýrfjörð bls. 17

## Ávarp stjórnarformanns

Rekstur Norðurorku hefur gengið afar vel undanfarin ár og árið 2012 var þar engin undantekning. Stjórn félagsins hefur markað þá stefnu að þegar vel gengur skuli viðskiptavinir fyrirtækisins njóta þess. Þetta kemur fram í því að raunverð hefur farið lækkandi bæði hjá hitaveitu og rafveitu og verðskrárbreytingar verið verulega lægri en ef þær hefðu fylgt vísitölu. Verðskrá fyrirtækisins er því mjög samkeppnishæf við aðrar veitur landsins, sama til hvaða hluta hennar er lítið.

Þau tíðindi urðu á árinu að forstjóraskipti áttu sér stað, annað árið í röð. Helgi Jóhannesson tók við lyklavöldunum í aprilmánuði af Ágústi Torfa Haukssyni sem tók við starfi forstjóra Jarðborana hf. Á þeim mánuðum sem Ágúst Torfi starfaði hjá Norðurorku stóð hann sig afar vel og vil ég nota tækifærið og þakka honum ánægjulegt samstarf. Þrátt fyrir tvenn forstjóraskipti á skömmum tíma hefur starfsemi fyrirtækisins lítið raskast og það ber að þakka góðu starfsfólki Norðurorku og öflugum manni í brúnni. Helgi Jóhannesson var fljótur að adlagast nýju starfi og hefur nú þegar sannað sig sem öflugur stjórnandi fyrirtækisins.

Í byrjun árs 2012 fór af stað stefnumótunarvinna félagsins og tók sú vinna lungann úr árinu, en hún dróst nokkuð á langinn vegna áður nefndra forstjóraskipta. Auk forstjóra tóku

ýmsir starfsmenn þátt í vinnu stjórnar bæði undirbúningi einstakra þátta og vinnufundum með stjórn. Þá var haldinn vinnufundur með öllum starfsmönnum í nóvember þar sem farið var yfir stefnumótunarstarfið og í framhaldinu kom starfsfólkið með tillögur að gildum félagsins. Ekki er að orðlengja það að stjórnin samþykkti tillögur starfsfólks að gildum félagsins ásamt endurskoðaðri stefnu á stjórnarfundum í janúar árið 2013. Auk stefnunnar var samþykkt verkefnaskrá til ársins 2017, fjárfestingaráætlun 2012-2017 og rekstraráætlun til ársins 2016.

Á árinu var 150 ára afmæli Akureyrar-kaupstaðar fagnað og tók Norðurorka ríkulega þátt í þeim tímamótum, m.a. með því að afhenda Akureyringum svokallaðar söguvörður. Búið er að koma upp söguvörðum í Innbænum og áætlað er að koma fleirum upp við Strandgötu og í Miðbænum. Á söguvörðunum er sagt frá gömlu Akureyri, upphafi byggðar og ýmsum áhugaverðum stöðum lýst í máli og myndum. En stórafmælin voru fleiri. Síðastliðið haust voru 90 ár liðin frá því að vélarnar í Glerárvirkjun voru gangsettar í fyrsta sinn. Þeirra tímamóta var minnst með viðeigandi hætti með opnu húsi í Glerárvirkjun og að Rangárvöllum þar sem sýndir voru gamlir og nýir munir í eigu veitunnar.

Ég vil að endingu þakka öllu því góða

starfsfólki sem starfar hjá Norðurorku fyrir gott samstarf og vel unnið starf á liðnu ári. Einnig færi ég viðskiptavinum, hluthöfum og samstarfsaðilum bestu þakkir fyrir samstarfið á árinu. Þá þakka ég forstjórunum Helga Jóhannessyni og Ágústi Torfa Haukssyni ásamt meðstjórnendum mínum ánægjulegt og gott samstarf.



Geir Kristinn Aðalsteinsson

## Stjórn Norðurorku hf. 2012




### Stjórn Norðurorku hf. 2012

Geir Kristinn Aðalsteinsson, formaður  
Halla Björk Reynisdóttir, varaformaður  
Edward Hákon Huijbens, ritari  
Ásdís Elva Rögnvaldsdóttir, meðstjórnandi  
Njáll Trausti Friðbertsson, meðstjórnandi

### Varastjórn:

Haraldur Helgason  
Inda Björk Gunnarsdóttir  
Kristín Sigfúsdóttir  
Oddur Helgi Halldórsson  
Sigurður Hermannsson

Skipurit



Husbyggnad, veggarn-  
ne gjutes på marken  
reses sedan och koppla  
Se nedan



## Frá forstjóra

Norðurorka hf. er fyrirtæki í eigu sveitarfélaga við Eyjafjörð og þar af leiðandi í eigu íbúanna, þeirra sem fyrirtækið þjónustar alla daga ársins. Fyrirtækið vinnur í sérleyfisumhverfi og því fylgir mikil ábyrgð og rík krafa um gagnsæi, ráðdeild og skilvirka þjónustu. Fyrirtækið er íbúnum og samfélaginu öllu mjög mikils virði enda er markmið þess að tryggja mikilsverð grundvallarlífsgæði og aðgang að einstökum auðlindum á eins sanngjörnu verði og kostur er. Verðskrá vöru og þjónustu Norðurorku er nú með því besta sem gerist á Íslandi sem rennir styrkum stöðum undir íbúapróun á þjónustusvæðinu sem og tækifæri í atvinnusköpun. Starfsfólk Norðurorku mun áfram leggja sig fram um að reka fyrirtækið ábyrgt og leita leiða til virkjunar auðlinda í þágu samfélagsins. Raforkuöflun og framleiðsla eru í höndum dótturfyrirtækisins Fallorku ehf. en öflun og vinnsla neysluvatns og heits vatns eru í höndum Norðurorku. Mikilvægt er ætíð að hafa í huga að neysluvatn og jarðvarmi eru takmarkaðar auðlindir í Eyjafirði og nægir í þessu sambandi að líta til sögunnar og leitar að bæði neysluvatni og heitu vatni á liðinni öld. Velgengni Norðurorku ræðst að miklu leyti af því hversu vel gengur að afla neysluvatns og heits vatns og þar með hvernig við getum uppfyllt skyldur okkar við íbúana. Mikilsvert er að minnast árdaga veitnanna og þar með að kostnaður við rannsóknir og öflun vatns getur verið hár og ekki alltaf á vísan að róa í þeim eignum. Þessi kostnaður greiðist í gegnum verð vörunnar og þeirrar þjónustu sem fylgir því að reka veitukerfi. Nægir þar að minnast á hversu mikilvægur fundur á heitu vatni á Arnarnesi var fyrir rekstur og uppbyggingu veitunnar og þar með fyrir notendur. Fram til þess tíma fór stór hluti af fé fyrirtækisins til rannsókna og leitar. Miðað við spár um byggðapróun eigum við nægt vatn til ársins 2030 en fyrir þann tíma þarf að leggja nýja lög frá Hjalteyri. Núverandi rannsóknir og leit að heitu vatni beinast að mestu að svæðinu umhverfis Hrafnagil, bæði

vestan og austan megin fjarðarins en þar telja jarðvísindamenn góða von um aukið vatn. Við bætist að þar eigum við innviði, lagnir og búnað sem mun geta annað meira magni en unnið er á svæðinu í dag.

Hvað neysluvatn áhrærir vorum við minnt á það liðið sumar að náttúran er síbreytileg og hefur áhrif á öflun og notkun. Sumarið á Akureyri var hið þurrasta frá upphafi mælinga. Sé horft til mánaðanna júní, júlí og ágúst hefur úrkoman ekki mælst minni síðan samfelldar úrkomumælingar hófust árið 1928. Í byrjun ágúst gerðist það að vatnsstaða í miðlunargeymum fór undir öryggismörk. Fjallalindirnar gáfu mun minna en vant er og á sama tíma var unnið að endurnýjun hluta þeirra, auk þess sem vatnsnotkun var langt yfir meðallagi. Veitukerfin önnuðu ekki flutningi milli þrýstisvæða þrátt fyrir næga dælingu frá Vöglum, en fjallalindirnar eru að megninu til tengdar efra þrýstisvæðinu. Notendur voru beðnir um að spara vatn og brugðust vel við og eiga þakkir skildar fyrir jákvæð viðbrögð. Gripið hefur verið til ýmissa aðgerða til að fyrirbyggja að þetta endurtaki sig. Engu að síður er áframhaldandi leit og vinnsla vatns í fjallendi það framtíðarverkefni sem bíður okkar til að tryggja nægt vatn fyrir stækkandi byggð á svæðinu. Fyrirtækið er vel í stakk búið til að takast á við verkefni morgundagsins og starfsfólk þess gerir sér grein fyrir að hugsa þarf langt fram í tímann með forsjálni að leiðarljósi.

Á árinu 2012 var stefna Norðurorku endurskoðuð og var verkefninu ýtt úr vör með vinnufundi stjórnar og framkvæmdaráðs í Mývatnssveit í ársbyrjun. Starfsfólk kom að vinnu við stefnumótunina meðal annars með því að allir lögðu sitt af mörkum til að ákvarða gildi félagsins. Í stefnumótuninni er rýnt markvisst í alla þætti rekstrarins og skerpt á framtíðarsýn fyrirtækisins. Framtíðarsýn Norðurorku er að vera hornsteinn í norðlensku samfélagi m.a. með því að bjóða hagstætt orkuverð sem skapi traustan grunn að lífskjörum

og tækifærum viðskiptavinanna. Helstu áherslupunktur eru traustur rekstur, samfélagsleg ábyrgð, ábyrg umgengni um auðlindir, rannsóknir og leit að auðlindum, öryggismál starfsmanna, umhverfismál og þjónusta. A furð stefnumótunarvinnunnar er m.a. verkefnaskrá með á þriðja tug verkefna sem unnið verður að á næstu árum sem og fjárfestingaráætlun til lengri tíma sem jafnframt leggja grunn að framtíðarsýn félagsins.



Helgi Jóhannesson

## Stjórnsýsla

Aðalfundur Norðurorku hf. var haldinn 18. mars 2012. Hluthafar eru sem áður Akureyrarbær 98,26%, Hörgársveit 0,80%, Eyjafjarðarsveit 0,12%, Grýtubakkahreppur 0,18%, Svalbarðsstrandarhreppur 0,46% og Þingeyjarsveit 0,18%. Á aðalfundinum var kjörin stjórn fyrirtækisins og er hún þannig skipuð: Formaður Geir Kristinn Aðalsteinsson, varaformaður Halla Björk Reynisdóttir, ritari Edward H. Huijbens og meðstjórnendur Ásdís Elva Rögnvaldsdóttir og Njáll Trausti Friðbertsson. Í varastjórn eru Haraldur Helgason, Helgi Snæbjarnarson, Inda Björk Gunnarsdóttir, Kristín Sigfúsdóttir og Sigurður Hermannsson. Stjórnin hefur komið saman til fundar ellefu sinnum frá síðasta aðalfundi. Forstjóraskipti urðu hjá Norðurorku hf. þann 26. apríl 2012 þegar Ágúst Torfi Hauksson sem verið hafði forstjóri Norðurorku hf. frá því í september 2011 lét af störfum að eigin ósk og Helgi Jóhannesson vélaverkfræðingur tók við.

## Mannauðsmál

Í gegnum tíðina hefur starfsmannatrygð verið mikil hjá Norðurorku hf. og þannig byggst upp mikil þekking og reynsla hjá fyrirtækinu. Þetta hefur hins vegar í för með sér að miklar mannabreytingar geta orðið á tiltölulega stuttum tíma þar sem starfsaldur er þá almennt orðinn tiltölulega hár. Þetta felur líka í sér áskoranir sem felast í að tryggt sé eftir föngum að þekking og reynsla yfirferist til nýrra starfsmanna með skipulögðum og skilvirkum hætti. Þáttur í þessu er að vinnuferlar séu skilgreindir og skráðir en jafnframt að þeir séu reglulega endurskoðaðir eftir því sem reynslan og breyttar aðferðir koma til t.d. vegna nýrrar tækni og/eða tækja.

Hjá Norðurorku störfuðu á árinu 2012 samtals 53 starfsmenn í 50 stöðugildum, 13 konur og 40 karlar. Á árinu létu 7 starfsmenn af störfum þar af 4 vegna aldurs. Starfsmannavelta var því 13% en hún hefur heldur verið að aukast en

meðalaldur starfsfólks hefur lengi verið tiltölulega hár og var um 50 ár á árinu 2012.

Á árinu 2010 fór Norðurorka í formlegt samstarf við Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar um stofnun Norðurorkuskólans. SÍMEY hefur þróað þetta form á sí- og endurmenntun fyrirtækja um margra ára skeið. Markmiðið með slíkum fyrirtækjaskólum er að mæta sem best þörfum starfsmanna með reglubundinni greiningu á þörfum fyrir sí- og endurmenntun. Námskeið eru klæðskerasaumuð þar sem það á við, en einnig með markvissri kynningu á þeim almennu námskeiðum sem SÍMEY býður upp á.

Á undanförunum árum hefur verið unnið markvisst að öryggismálum starfsmanna undir leiðsögn öryggisnefndar fyrirtækisins og í nánú samstarfi við Vinnueftirlitið en einnig tryggingarfélag fyrirtækisins Sjóvá hf. Starfsmenn hafa unnið áhættumat fyrir öll störf og nýlega hafa gæðaskjöl sem fjalla beint og/eða óbeint um öryggismál verið yfirfarin og endurskoðuð. Skerpt hefur verið á reglum sem kveða á um skyldur starfsmanna varðandi öryggisbúnað og hert á eftirliti og aðgerðum ef starfsmenn virða ekki reglurnar. Markmiðið er sameiginlegt að allir komi heilir heim úr vinnu sinni hjá Norðurorku. Ýmis námskeið um öryggismál hafa verið haldin sem og kynning á forvarnarskipulaginu „take five“ eða „dokaðu við“ eins og það hefur verið nefnt. Það gengur út á að starfsmenn taki sér ævinlega stutta stund til að hugsa um og meta þær hættur sem kunna að vera uppi við það verk sem þeir hefja hverju sinni. Þegar áhættumatið hefur farið fram er brugðist við í samræmi við það og viðeigandi ráðstafanir gerðar við undirbúning og framkvæmd verksins. Í október varð Norðurorka hf. þess heidurs aðnjótandi að vera eitt af tólf fyrirtækjum á Íslandi sem tilnefnd voru til vinnuverndarverðlaunanna. Í því felst að fyrirtækið er í hópi þeirra sem eru til fyrirmyndar á þessu sviði. Samhliða endurskoðun á starfsmanna-

handbók Norðurorku voru samþykktar nýjar vinnureglur um móttöku nýliða og nýliðafræðslu sem felur í sér að hún verður skipulegri og markvissari en áður. Haustið 2011 var í samstarfi við Capacent farið í vinnustaðgreiningu og var þátttaka starfsfólks ágæt. Í framhaldinu var farið í þó nokkur verkefni sem byggðu á ábendingum og hugmyndum starfsmanna.

## Gæðamál

Síðla árs 2011 fékk Norðurorka hf. fyrst orkufyrirtækja á Íslandi heimild til að reka innra eftirlit með öllum solumælum sínum þ.e. í vatnsveitu, rafveitu og hitaveitu. Í því felst að fyrirtækið hefur komið sér upp kerfi sem tryggir réttar mælingar á afhentri vöru til viðskiptavina, að mælaskipti, úrtök og prófanir á mælum fari fram á réttum tíma og að hlutfall mæla sem ætla má að sé komið út fyrir leyfileg skekkjumörk sé innan skilgreindra marka. Þetta kerfi er hluti af vottuðu gæðakerfi fyrirtækisins líkt og rafmagnsöryggisstjórnunarkerfið og GAMES. Faggilt skoðunarstofa sér um árlegt eftirlit og skýrslugjöf til Neytendastofu varðandi innra eftirlitið, auk þess sem vottunaraðili tekur kerfið út í heild tvisvar á ári. Innleiðing verkefnisins hefur gengið vel og ánægjulegt að Norðurorka er leiðandi á þessu sviði neytendaverndar á landinu.

Á árinu var tekin ákvörðun um að taka upp skjala- og hópinnukerfið SharePoint frá Microsoft til þess að halda utanum gæðahandbók fyrirtækisins en það nýtist einnig til að halda úti innri síðu Norðurorku þar sem haldið er utanum upplýsingar og skjöl sem varða einstakar rekstrareiningar fyrirtækisins og miðla upplýsingum til starfsmanna um hvaðeina. Þá er einnig fyrirhugað að formleg skjalaskráning og rafræn varsla skjala fyrirtækisins verði unnin í gegnum SharePoint.

Eins og áður segir fara reglulega fram svonefndar ytri úttektir á gæðakerfinu af hálfu vottunaraðila. Auk þess fara fram innri úttektir þar sem starfsmenn sem lokið hafa tilgreindu námskeiði taka út

einstakar verklagsreglur gæðakerfisins með það að markmiði að rýna hvort fyrirtækið er að vinna í samræmi við þær kröfur sem það hefur sett sér. Norðurorka hefur síðastliðin þrjú ár átt í góðu samstarfi við Mjólkursamsöluna (MS) á Akureyri um innri úttektir þar sem úttektarmenn Norðurorku hafa farið í úttektir hjá MS og úttektarmenn MS komið í úttektir hjá Norðurorku. Þetta hefur reynst mjög vel enda eiga þarna við hin fornu sannindi að glöggst er gests augað.

### Samfélagsábyrgð

Í tengslum við stefnumótunarvinnu Norðurorku hf. var samþykkt stefna félagsins um samfélagsábyrgð og styrkveitingar en þar segir m.a. að veittir séu styrkir til menningar og lista, íþróttar- og æskulýðsstarfs og góðgerðarmála. Þar kemur einnig fram að markmið með styrkjum félagsins sé að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðlar að farsælli þróun samfélagsins, lífsgæðum og fjölbreyttu mannlífi.

Í fyrsta skipti í sögu félagsins var auglýst opinberlega eftir umsóknum um styrki til samfélagsverkefna og því um mikla breytingu að ræða á

fyrirkomulagi styrkveitinga. Auglýst var eftir umsóknum um styrki vorið 2012. Alls sóttu 153 félög, stofnanir og einstaklingar um styrki til margbreytilegra verkefna en 27 verkefni hlutu styrki samtals að fjárhæð rúmar fjórar milljónir króna.

Í ágúst árið 2005 var endurbýggð Glerárvirkjun tekin í notkun sem minnismerki um upphaf rafvæðingar Akureyrar. Það var einmitt rúmlega áttatíu árum fyrr eða haustið 1922 sem Glerárvirkjun hin fyrri var gangsett. Þessara tímamóta var minnst með opnu húsi í Glerárvirkjun og að Rangárvöllum þar sem sett var upp sýning með gömlum og nýjum munum úr 90 ára sögu rafveitu á Akureyri.

Með þátttöku í svonefndum spurningavagni Capacent Gallup er viðhorf viðskiptavina Norðurorku til þjónustu fyrirtækisins reglulega kannað. Norðurorka tekur þátt í þessari könnun annað hvert ár en síðasta könnun var gerð haustið 2012. Í stuttu máli má segja að á flestum sviðum hafi niðurstaðan verið ágæt en þó eru atriði þar sem tækifæri eru til að ná enn betri árangri. Sérstæða Norðurorku sem og annarra veitufyrirtækja er að viðskiptavinurinn nýtur þjónustu okkar, hverja mínútu, hverja klukkustund, allan sólarhringinn, alla daga ársins. Þessu fylgir mikil áskorun í rekstri veitna Norðurorku og allri þjónustu við viðskiptavini.

### Hitaveita

Rekstur hitaveitna Norðurorku gekk vel á árinu. Veiturnar eru orðnar miklar að vöxtum og mikilvægt að jöfnum höndum sé unnið að viðhaldi og endurbótum. Með viðhaldsstjórnunarkerfi sem tekið var upp árið 2011 er unnið markvisst að greiningu á ástandi kerfishluta og leitast við að bregðast við með fyrirbyggjandi aðgerðum.

Vinnslusvæði félagsins eru mörg og mikilvægt að reglulega sé farið í viðhald og endurbætur á dælum og öðrum búnaði þeim tengdum. Í maí var farið í upptekt á borholu HJ-19 á Hjalteyri en hún hafði þá verið í nánast stöðugum rekstri síðan í desember 2003, búin að



Starfsmenn Rafveitu Akureyrar draga út streng sunnan við þar sem núna er Bautinn.



ganga í um 74.000 klst. Eins og nafnið bendir til felur þetta viðhaldsverkefni í sér að dælan er tekin upp úr borholunni og hún yfirfarin og skipt um tiltekna íhluti hennar. Þar sem vinnslan á Hjalteyri hefur aukist nokkuð með árunum var ákveðið að færa dæluna á meira dýpi til að mæta lægra vatnsborði á vinnsluvæðinu. Bilun varð í djúpdælu í borholu HN-10 á Hrafnagili seinni hluta desembermánaðar en ákveðið var að bíða með viðgerð fram yfir áramót þótt vinnslugetan skertist, en holan fór í sjálfrennsli og skilaði þannig um 5 l/s í stað 22 l/s í dælingu. Stöðvardsæla á Laugalandi var endurnýjuð og þar bætt við mælubúnað. Þá var unnið að endurbótum á borholuhúsum í Ólafsfirði. Á árinu var keypt notuð 280 kw varaafstöð fyrir dælingu á Hjalteyri sem áætlað er að setja upp á árinu 2013. Allnokkur leki kom fram á aðveituæðinni frá Laugalandi til Akureyrar í september. Kom í ljós að ástæðan var tæring þannig að skipta þurfi um stofnæðina á rúmlega 10 metra kafla. Með góðum undirbúningi tókst að ljúka viðgerðinni á einum degi.

Í dreifikerfinu var haldið áfram því langtímaverkefni að fjarlægja hitaveitubrunna og urðu þeir sex á árinu. Ítrekaðar bilanir hafa um nokkurt skeið komið upp í dreifikerfi hitaveitunnar í Kaupangssveit og liggur fyrir að þar er um að kenna tæringu vegna bilunar (galla) á þéttingum við samskeyti sem leiðir til ryðmyndunar undir hlífðarkápu lagnanna. Hefur af þessum ástæðum verið ákveðið að setja endurnýjun á þessum hluta dreifikerfisins á framkvæmdaáætlun. Lögð var ný lagn frá stofni Svalbarðsstrandarveitu að Eyrarlandi til að létta á álagi í Kaupangssveit. Þá var lagt dreifikerfi í sumarhúshverfið Skógamela í Fnjóskadal. Innan Akureyrar var haldið áfram að stækka dreifikerfið í Naustahverfi í takt við uppbyggingu hverfisins auk þess sem lagt var í Daggarlund, nýja götu í Lundahverfi. Einnig var sett upp dælustöð fyrir Hálönd sem er orlofshúsaþbyggð ofan Akureyrar en framkvæmdaáðilar sáu

sjálfir um lagnavinnu í hverfinu.

Skipt var um 1.456 heitavatnsmæla á árinu og var verkið unnið af verktaka og starfsmönnum Norðurorku. Settur var upp 71 nýr mælir, en mælur í kerfi Norðurorku eru alls 6.557.

### Vatnsveita

Sumarið 2012 var mesta þurrkasumar í áratugi og höfðu þurrkarnir nokkur áhrif á rekstur vatnsveitunnar. Þar munaði mestu um geysilega notkun vegna vökvunar en einnig höfðu þurrkarnir áhrif á vatnsgæfni vatnsbóla í Hlíðarfjalli og á Glerárdal. Af þessum sökum þurfti mun meiri dælingar við frá vatnsbólunum að Vöglum í Hörgárdal. Á árinu var markvisst unnið að endurnýjun og endurbótum vatnsbóla. Í Sellandslindum á Glerárdal voru tvö vatnsból endurnýjuð auk endurbóta á aðkomu að lindunum. Þá voru Grísararlindir, sem þjóna Kristnesi og Hrafnagilshverfi og Garðsvíkurlindir sem þjóna Svalbarðsströndinni, einnig endurbættar. Vatnsbólín á eyrum Krossastaðaár og Hörgár hafa frá upphafi virkjunar þeirra árið 1973 verið mjög mikilvægur þáttur í vatnsöflun fyrir Akureyri og Hörgársveit. Í dælustöðinni að Vöglum var tveimur gömlum dælum skipt út fyrir eina nýja sem er bæði afkastameiri og hagkvæmari í rekstri og rasibúnaður jafnframt endurnýjaður. Bilanir fundust á tveimur stöðum á stofnlögn (315 mm) frá Vöglum sem gert var við á haustdögum. Stjórnkerfi fyrir vatnsveitu Svalbarðsstrandar var tekið í notkun á árinu og er veitan nú vöktuð frá stjórnstöð Norðurorku að Rangárvöllum.

Hönnun á nýjum vatnstanki við Torfdal hófst á árinu en hann tekur við vatni úr lindum í Hlíðarfjalli. Hann verður forðageymir fyrir Akureyri og til þrýstijöfnunar fyrir efsta þrýstisvæði veitunnar. Þá skapar tankurinn tækifæri til að losa loft úr vatninu sem hefur verið hvítleitt vandamál hingað til.

Nýframkvæmdir við dreifikerfi vatnsveitu voru nokkrar á árinu. Lagt var í Daggarlund, nýja götu í Lundahverfi, í Hálönd, orlofshúsaþbyggð ofan

Akureyrar, í Tónatröð ásamt ýmsum verkefnum í Naustahverfi. Einnig var unnið að styrkingu dreifikerfisins í Nesjahverfi. Skipt var um 5 brunahana á árinu en heildarföldi brunahana í kerfi Norðurorku er 344. Endurnýjun heimtauga var í takt við áætlanir.

Eins og kunnugt er tekur vatnsgjald mið af stærð fasteigna auk þess sem innheimt er fast gjald á matseiningu eins og það er nefnt. Hins vegar er heimilt að mæla vatnsnotkun og innheimta samkvæmt því og er það gert hjá svonefndum stórtotendum. Á árinu var stofnað umbótaverkefni um mælingar á vatnsnotkun í atvinnurekstri og er gert ráð fyrir að niðurstaða í því liggi fyrir á árinu 2013. Ekki var skipt um neina mæla í vatnsveitu og engir nýir mælur settir upp, en mælur í vatnsveitukerfi Norðurorku eru alls 88.

### Rafveita

Unnið var að endurnýjun liðaverndarbúnaðar í aðveitustöðvum við Urðargil (Kollugerði) og Þingvallastræti og uppsetningu öryggiskerfa ásamt ýmsum öðrum endurbótum.

Lagðir voru háspennustrengir og öðrum hagrætt vegna framkvæmda við Dalsbraut. Lagður var strengur frá dreifistöð 55 á Óseyri að fyrirhugaðri dreifistöð 110 við Langholt. Bilun varð á háspennustreng milli dreifistöðvar 2 við Spítalaveg og 3 við Hafnarstræti, en orsök bilunarinnar er áverki eftir vinnuvél sem ekki var tilkynnt um. Einnig varð bilun á háspennustreng milli dreifistöðvar 26 við Gránufélagsgötu og 78 við Oddeyrartanga. Loks varð bilun á háspennustreng milli dreifistöðvar 42 við Stórholt og 55 við Óseyri. Minniháttar truflanir urðu vegna þessara bilana þar sem mögulegt var að tengja framhjá þeim meðan á viðgerð stóð.

Alvarlegt atvik átti sér stað á haustdögum þegar starfsmaður fjarskiptafyrirtækis sem var að vinna við lagningu ljósleiðara boraði af vangá í háspennustreng. Er full ástæða til að brýna fyrir jarðvinnuverktökum og öðrum sem vinna nálægt háspennulögnum að gæta ítrustu varúðar.

Farið var í umfangsmikla endurnýjun á dreifistöð 33 við Sólvelli vegna aukinnar rafmagnsnotkunar á svæðinu og var skipt um bæði spennu og lágspennubúnað. Einnig var sett upp ný dreifistöð 112 í Hálöndum til að þjóna orlofshúsabyggðinni þar. Unnið var að undirbúningi byggingar dreifistöðvar 110 við Langholt. Þá voru dreifistöðvar skoðaðar í samræmi við áætlanir Öryggisstjórnunarkerfis.

Lagt var nýtt lágspennukerfi að Lystigarðinum og endurbætt dreifikerfi stígalýsingar í garðinum og við hann. Einnig var lagt dreifikerfi lágspennu og gatnalýsingar í Daggarlund og Dalsbraut ásamt því að lagt var dreifikerfi lágspennu í fyrsta hluta orlofshúsabyggðarinnar Hálanda. Þá voru lagðir strengir vegna fyrirhugaðrar dreifistöðvar 110 við Langholt. Unnið var við skoðanir lágspennukerfis samkvæmt Öryggisstjórnunarkerfi.

Meira var um fjárfestingar í rafveitunni en áætlað var og eru stærstu þættirnir framkvæmdir við dreifikerfi vegna Dalsbrautar og Daggarlundar ásamt framkvæmdum við Hálönd og endurnýjun dreifistöðvar 33 sem áður er getið. Einnig féll stærri hluti kostnaðar við liðaverndarbúnað í aðveitustöðvum á árið 2012 en gert hafði verið ráð fyrir. Skipt var um 640 raforkumæla á árinu og var verkið unnið af verktaða og starfsmönnum Norðurorku. Settir voru upp 82 nýir mælur en mælur í kerfi Norðurorku eru alls 9.417.

Rafmagnslaust varð á Akureyri í 4 tíma þann 10. september í kjölfar norðanáhlaups sem sleit línur og orsakaði útslátt í dreifikerfum Landsnets. Akureyri er tengt flutningskerfi Landsnets á 3 vegu, með byggðalínunum í austur og vestur og með Laxárlínunni.

### Samtök, dóttur- og hlutdeildarfélag

Norðurorka á aðild að Samorku, samtökum orku- og veitufyrirtækja, en í gegnum Samorku er Norðurorka aðili að Samtökum atvinnulífsins sem sjá m.a. um kjarasamningagerð fyrir Norðurorku hf. Norðurorka er einnig félagi í Landssamtökum landeigenda

vegna hagsmuna dótturfélagsins Fallorku ehf.

Rekstur Fallorku ehf. gekk mjög vel á árinu. Raforkusala var sú mesta í sögu félagsins eða 160,7 GWst. Taxtar Fallorku hækkuðu minna en hjá keppinautunum og eru nú á meðal þeirra hagstæðustu á markaðnum. Deila Fallorku við Viðlagatryggingu um greiðslu bóta vegna tjóns sem varð á mannvirkjum félagsins í Djúpadal í miklu flóði í desember 2006, var leidd til lykta með því að 205 milljónir króna fengust greiddar. Þetta varð til þess að hagnaður síðasta árs er mjög mikill eða 240 milljónir króna. Regluleg starfsemi gekk einnig vel og skilaði 35 milljóna króna hagnaði. Veltufé frá rekstri var 100 milljónir króna. Félagið hefur unnið að rannsóknum vegna nýrrar 3,3 MW virkjunar í Glerá ofan Akureyrar og kannar nú hug bæjaryfirvalda til málsins. Virkjunin myndi framleiða rafmagn á samkeppnishæfu verði og auk þess bæta afhendingaröryggi dreifikerfis Norðurorku á Akureyri.

Rekstur hlutdeildarfélaganna Tengis hf. og NORAK ehf. var í samræmi við áætlanir og væntingar. NORAK ehf. selur Becromal Iceland aðgang að spennumannvirki félagsins fyrir fasta upphæð á mánuði óháð því hve mikil raforka fer í gegnum spennana. Fyrir félaginu fer þriggja manna stjórn, einn frá hverjum hluthafa sem eiga félagið að jöfnu en fulltrúi Norðurorku fer með formennsku í félaginu. Truflanir urðu tvisvar á árinu í tengibúnaði hjá NORAK með afleiðingum fyrir Becromal. Unnið hefur verið að endurbótum og breytingum í takt við ráðleggingar frá framleiðanda búnaðarins. Er það von okkar að búid sé að komast fyrir þau vandamál sem upp komu.

Vegna aukinna verkefna var hlutafé í Tengi hf. aukið á árinu um 30 milljónir króna og var hlutur Norðurorku í þeirri hækkingu 12 milljónir króna eða sem samsvarar hlut félagsins í Tengi sem er 38,41%. Hlutverk Tengis er ljósleiðarþjónusta og lagði fyrirtækið óvenjumikið af strengjum í jörð liðið sumar í takt við aukna eftirspurn.

Mikil eftirspurn er eftir þjónustu fyrirtækisins en það hefur þrátt fyrir hraða uppbyggingu skilað hagnaði og því bjart framundan.

Norðurorka á hlut í félaginu Hrafnabjargavirkjun hf. Félagið hefur ekki haft eiginlega starfsemi með höndum aðra en þá að halda utan um nýtingarrétt á hugsanlegum framtíðar virkjanakosti ofarlega í Skjálfandaffjóti. Á árinu var umsókn um rannsóknarleyfi endurnýjuð að beiðni Orkustofnunar en Hrafnabjargavirkjun óskaði á sínum tíma eftir slíku leyfi hjá Iðnaðarráðuneytinu, en með breyttum lögum er þetta leyfisveitingarvald nú hjá Orkustofnun. Fyrir lá að Landsvirkjun hafði síðar einnig sótt um rannsóknarleyfi vegna sama virkjunarkosts. Niðurstaða Orkustofnunar varð sú að leggja til að aðilar stæðu saman að rannsóknum á svæðinu og gerðu um það samning á grundvelli heimildar í lögum um rannsóknir og nýtingu auðlinda. Lögð hafa verið drög að slíkum samningi.

Norðurorka er hluthafi í Íslenskrí orku hf. en það félag heldur utan um nýtingarrétt á hugsanlegum framtíðar virkjanakostum í Óxarfirði. Norðurorka á einnig um 7,7% hlut í Netorku ehf. sem annast meðferð gagna vegna raforkumarkaðarins. Hlutur Norðurorku jókst á árinu þar sem Landsnet hf. ákvað að selja sinn hlut í Netorku í ljósi þess að fyrirtækið hafði ekki haft viðskipti við félagið þrátt fyrir að vera einn eigandi þess. Hlutir Landsnets komu til hækkunar á hlutum annarra hluthafa. Norðurorka hf. er hluthafi í Orkey ehf. sem rekur litla lífdísilverksmiðju við Njarðarnes á Akureyri. Hlutafé í Orkey ehf. var aukið á árinu, en félagið hefur átt erfitt uppdráttar og er um margt á undan sinni samtíð. Í Orkey er unninn lífdísill úr innlendu hráefni svo sem notaðri steikingarfeiti, fituafskurði og aukaafurðum frá lýsisframleiðslu. Norðurorka varð einnig á árinu hluthafi í GPO ehf. en það fyrirtæki hyggst vinna olíu úr plastúrgangi.



### Rannsóknir

Af rannsóknum Norðurorku hf. árið 2012 ber hæst yfirborðsrannsóknir í Fram-Eyjafirði vegna heitavatsleitar á svæðinu við Botn og Hrafnagil annars vegar og Grýtu og Sigtún hins vegar. Við horfum enn til þess svæðis þar sem jarðfræðingar telja það ekki fullreynt og vegna þess að þar eigum við að mestu innviði til flutnings til Akureyrar. Við reiknum með að áfram verði haldið í rannsóknum á þessum slóðum á árinu 2013, en mikilvægt er að kortleggja allt þetta svæði. Einnig var farið í yfirborðsrannsóknir á svokölluðum Laugaeyrum innst í Hörgárdal þrátt fyrir að við höfum ekki miklar væntingar um jákvæða niðurstöðu þar. Neysluvatnsrannsóknir beinast í sumar að svæðinu norðan Hesjuvallalinda sem og að svæðinu ofan Hrafnagils í Eyjafjarðarsveit, svokölluðum Grísararlindum.

### Metanframleiðsla

Á árinu 2011 voru boraðar rannsóknarholur í gamla urðunarstaðinn á Glerárdal ofan Akureyrar í þeim tilgangi að meta hvort vinnanlegt magn metan-gass væri í haugunum. Mælingar á gasmagninu þá studdu vel áður-gert spálíkan um vinnanlegt gasmagn í haugunum. Á síðari stigum kom upp að spálíkanið ofmat vænt gasmagn og ný nálgun væri um helmingur af áðurgerðu líkani. Viðamiklar mælingar

voru gerðar sumarið 2012 sem studdu vel nýtt spálíkan. Talið er að vinna megi um 600.000 Nm<sup>3</sup> af metani úr haugunum til ársins 2030 að lágmarki en 2040 að hámarki. Magnið svarar til að reka um 600 fólksbílaígildi árlega en mikilvægt er einnig að stórnotendur verði í viðskiptamannahópnum til að tryggja góða nýtingu þeirrar fjárfestingar sem um er að ræða. Vinna við metanverkefnið er í fullum gangi og er áætlað að nýting geti hafist seinni part sumars 2013. Fjárfestingarkostnaður við verkefnið er áætlaður um 300 milljónir.

### Fjárhagur Norðurorku hf.

Rekstur Norðurorku hf. (móðurfélags) gekk vel á árinu 2012. Tekjur urðu meiri en áætlun gerði ráð fyrir og rekstrargjöld einnig. Um 52% af tekjum koma frá sölu á heitu vatni, 32% frá raforkudreifingu og 16% eru tekjur af neysluvatni. Litlar magnbreytingar urðu í afhentu magni, en þó er árlega nokkuð um viðbætur í íbúðarhúsnæði og opinberum byggingum, en minna um nýtt atvinnuhúsnæði. Verðskrárbreytingar voru litlar á árinu. Hækkun varð engin á fastagjaldi hitaveitu, en verð á rúmmetra hækkaði um 3%. Verðskrá rafveitu hækkaði um 3% og verð á neysluvatni breyttist í samræmi við breytingar á neysluvísitölu. Sérákvæði í samningum um Reykjaveitu gerir ráð fyrir að verðskrá hennar hækki til samræmis við breytingar á neysluvísitölu. Það er því ljóst að

### Þróun verðbólgu og verðbólguþröngd



almennt hækkaði verðskrá Norðurorku hf. minna en verðlagsþróun á árinu 2011. Mikil verðbólga var á árinu 2012, en hækkun milli ára 2011 og 2012 nam um 5,2%, sem varð verulega meira en áætlanir gerðu ráð fyrir og langt yfir þeim markmiðum sem sett hafa verið, þ.e. 2,5%. Í slíku umhverfi verður lítil eða engin stjórn á verðþróun vöru og þjónustu og neytendur búa við skertan hlut, þó reynt sé að sækja leiðréttingar í gegnum launaleiðréttingar.

Á meðfylgjandi mynd má sjá þróun verðbólgu og verðbólguþéttis eins og þau birtast í útreikningi Seðlabankans. Gengisskráning á bandaríkjadalum hækkaði um 5,1% og um 7% á evrunni frá upphafi til loka árs 2012. Áhrifa þessa gætir fyrst og fremst í vöxtum og afborgunum erlendra lána, en kemur einnig fljótt fram í kostnaði við aðföng. Á móti koma jákvæð áhrif af skuldabréfacign félagsins í bandaríkjadöllum.

Skuldir Norðurorku hf. voru í ársbyrjun 3.123 milljónir króna en greiddar afborganir á árinu voru um 495 milljónir króna. Reiknaðar verðbætur og gengismunur voru um 141 milljón króna. Skuldastaða í árslok var 2.768 milljónir króna en um helmingur

þeirra er í íslenskum krónum. Áætlanir gera ráð fyrir að sammingsbundnar afborganir lána verði um 400 milljónir króna á ári næstu þrjú árin, en fara síðan ört lækkandi. Norðurorka hf. hefur staðið við allar skuldbindingar sínar vegna lánasamninga á liðnum árum. Fjárfestingum ársins er lýst í kaflanum um framkvæmdir.

### Samstæðureikningur ársins

Ársreikningurinn sem birtist hér er reikningur samstæðunnar. Í samstæðureikningi er rekstri og efnahaga Norðurorku hf. og Fallorku ehf. sem dótturfélags steipt saman og áhrifum af innri viðskiptum eytt út. Þá koma einnig inn í samstæðuna áhrif rekstrarafkomu hlutdeildarfélaganna Tengis hf. og NORAK ehf. Rekstrartekjur samstæðunnar urðu 2.744 milljónir króna og rekstrargjöld með orkukaupum 1.368 milljónir króna. Að teknu tilliti til afskrifta, fjármagnskostnaðar og áhrifa dótturfélaga er hagnaður ársins fyrir skatta 811 milljónir króna. Tekjuskattur er 100 milljónir króna og hagnaður ársins því 710 milljónir króna.


Skuldir samstæðunnar í ársbyrjun voru 3.892 milljónir króna en höfðu

lækkað í árslok í 3.560 milljónir króna. Afborganir lána voru um 508 milljónir króna. Áhrif verðbólgu og gengis koma fram í skuldastöðu í árslok. Greiddar voru 127 milljónir króna í arð til hluthafa. Niðurgreiðsla skulda er áfram markmið félagsins og er stefnt að því að greiða þær niður um að minnsta kosti 400 milljónir króna á árinu 2013. Veltufjárstaða samstæðunnar er sterk. Eign fé í árslok er 2.854 milljónir króna. Sé horft til eiginfjárstöðu í árslok 2008, eftir hrun bankanna, þegar eign fé var orðið neikvætt um 945 milljónir króna er ljóst að mjög vel hefur tekist að vinna fyrirtækin í samstæðunni út úr þeirri stöðu.




Frá afhendingu styrkja til samfélagsverkefna 2012


### HITAVEITA - ORKUVINNSLA Á MÁNUÐI



### ÞRÓUN VINNSLU Á HEITU VATNI





### RAFORKA NOTUÐ TIL ÖFLUNAR Á HEITU VATNI





ISOR

ORKUNOTKUN, ORKUÞÖRF OG ORKUMÁTTUR HITAVEITU NORÐURORKU



**LYKILSTÆRÐIR - HITAVEITA**

ALMENNAR UPPLÝSINGAR	2008	2009	2010	2011	2012
Fjöldi íbúa á hitaveitusvæði	22.963	22.973	22.963	23.087	23.243
Húsvæitur / mælur	6.386	6.342	6.404	6.499	6.577

ORKUÖFLUN Á JARÐHITASVÆÐUM	2008	2009	2010	2011	2012
Fjöldi virkjaðra borhola:					
Með djúpdælu	15	15	15	15	15
Án djúpdælu	2	2	2	2	2
Uppsett afl í jarðhitasvæðum MW	81	81	90	90	90
Vatnsmagn tekið úr jarðhitakerfum á árinu m <sup>3</sup>	6.196.472	6.312.228	6.428.215	6.563.538	6.519.130
Meðalvatnshiti á holutoppi eða frá hver/laug °C	89/60	89/60	89/60	89/60	89/60

ALMENNAR UPPLÝSINGAR	2008	2009	2010	2011	2012
Lengd safn- og aðveituæða					
Stál m	52.720	52.784	52.784	53.216	53.216
Plast m	11.800	11.800	11.800	11.800	11.800
Samtals m	64.520	64.584	64.584	65.016	65.016

DREIFIKERFI OG DÆLUSTÖÐVAR	2008	2009	2010	2011	2012
Uppsett afl í dreifikerfi (afgeta) MW	93,7	93,7	102,7	102,7	102,7
Hámarksálag inn á dreifikerfi á árinu MW	72,9	81,9	82,1	79,8	72,6
Vatnsmagn inn á dreifikerfi á árinu m <sup>3</sup>	7.259.316	7.571.181	8.071.092	8.031.753	7.918.270
Meðalvatnshiti inn á dreifikerfi °C	79/60	79/60	79/60	79/60	79/60
Áætlaður meðalvatnshiti til notenda °C	72	72	72	72	72
Orkuframleiðsla inn á dreifikerfi á árinu TJ	1.565	1.632	1.740	1.732	1.707
Hlutfall orkuvinnslu					
Jarðhiti %	99,9	99,9	99,9	99,9	99,9
Rafmagn %	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
Olía %	0	0	0	0	0
Fjöldi dælustöðva (ekki djúpdælur)	7	7	8	8	8
Heildarafli dælna (dælust. og djúpdælur) KW	2.902	2.902	3.478	3.488	3.488
Rafmagnsnotkun á dælur MWh	6.115	6.366	6.909	7.878	8.021
Miðlunarymi m <sup>3</sup>	7.500	7.500	7.500	7.500	7.500
Lengd dreifikerfis					
Stál m	409.987	411.233	417.505	418.750	420.265
Plast m	102.718	105.638	114.718	116.474	120.036
Samtals m	512.705	516.871	532.223	535.224	540.301
Lengd endurnýjaðra lagna á árinu m	774	300	140	113	206
Hlutfall dreifikerfis					
Einfalt %	87	87	87	87	87
Tvöfalt %	13	13	13	13	13

**VEITUSVÆÐI EKKI TENGD AKUREYRI**


REYKJAVEITA	2008	2009	2010	2011	2012
Fjöldi virkjaðra borhola:					
Með djúpdælu	2	2	2	2	2
Án djúpdælu	0	0	0	0	0
Meðalvatnshiti á holutoppi eða frá hver/laug °C	90,0	90,8	90,8	90,8	90,9
Meðalvatnshiti inn á dreifikerfi °C	90,0	90,0	90,0	90,0	90,0
Lengd dreifikerfis					
Stál m	58.656	58.994	59.028	59.028	59.031
Plast m	26.295	27.434	28.254	28.925	29.715
Samtals m	84.951	86.428	87.281	87.952	88.745
Vatnsmagn inn á dreifikerfi á árinu m <sup>3</sup>	369.919	388.045	395.208	401.739	404.734

